

Ég hafði ekki áttað mig á því hvað opnunin skiptir miklu máli, segir Sigurður Árni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Yfirlit hugmynda minna síðustu þrjá áratuginna

Sýning á verkum myndlistarmannsins Sigurðar Árna Sigurðssonar stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Fór úr bundinni landslagshefð yfir í hugmyndalegri nálgun.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



ÉG HEF GREINILEGA EKKI KOMIST AÐ NEINNI NIÐURSTÖÐU ÞVI ÞÁ VÆRI ÉG HÆTTUR.

Yfirlitssýning á verkum Sigurðar Árna Sigurðssonar, ÓraVidd, stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Sýningarstjóri er Markús Þór Andrés-son. Verkin á sýningunni spanna um þrjátíu ára feril listamannsins.


„Elstu verkin eru frá 1990, gerð í París, og þau nýjustu eru frá þessu ári, gerð með sýninguna í huga,“ segir Sigurður Árni sem valdi verkin með sýningarstjóranum Markúsi Þór. „Þetta var mjög ánægjulegt og gott samstarf og alveg nauðsynlegt að hafa góðan sýningarstjóra þegar unnið er að sýningu á verkum sem spanna þrjátíu ára feril. Ég hef aldrei sett upp yfirlitssýningu á verkum mínum áður og það er auðvelt að týna sér í eigin heimi og smáatriðum sem koma ekki heildinni við. Þá kemur sýningarstjórinn og réttir af kúrsinn.“

Á sýningunni má sjá ákveðin áhersluatriði sem ég hef unnið með á ólíkum tímum. Ég fór úr nokkuð bundinni landslagshefð yfir í hugmyndalegri nálgun og útfærslu á

viðfangsefninu. Það opnaði auðvitað bara fleiri dyr sem leiða yfir í sögu málverksins og abstraksjón á því. Þetta er yfirlit hugmynda minna síðustu þrjá áratuginna.“

EKKI VISS UM NIÐURSTÖÐU

Spurður hvort honum finnst hann hafa lært mikið á þeim þremur áratugum sem hann hefur starfað sem listamaður segir Sigurður Árni: „Nei, ég hef ekki lært neitt! Mér miðar vonandi eitthvað áfram en veit ekki hvort ég hafi komist að einhverri niðurstöðu. Í byrjun var ég mikið að fást við landslagið og Jón Stefánsson var mér hugleikinn á þeim tíma. Ég hafði stúderað hann og formskoðun hans sem mér finnst ekki hafa fengið næga athygli. Jón er einn af þeim fyrstu sem abstraktera landslagið þó að hann sé um leið algjörlega bundinn því. Ég var hrif-



Valerie. Pólýhúðað ál. 126X288 cm. 2020.

Vegleg sýningarskrá

Í tengslum við sýninguna gefur Listasafn Reykjavíkur út veglega sýningarskrá með ljósmyndum af sýningunni, myndum af verkum og textum um Sigurð Árna og viðfangsefni hans. Þar skrifar Michel Gauthier, sýningarstjóri við Samtímalistasafn Frakklands í Centre Pompidou í París, ítarlega fræðigrein um Sigurð Árna og list hans, Auður Ava Ólafsdóttir rithöfundur ræðir við listamanninn um ferilinn og Markús Þór Andrés-son skrifar um þróun ferils Sigurðar Árna.

inn og upptekinn af þessu í byrjun og elstu verkin á sýningunni sýna það mjög vel. Smám saman sneri ég mér að öðru eins og görðum og golfvöllum og vangaveltum um málverkið og flötinn.“

Nýjustu verkin á sýningunni eru plexigler og álverk. „Það má kalla þau veggverk, þau eru upphleyp en ég flokka þau sem teikningar eða bara málverk. Ég hef verið að vinna með þessi efni á síðustu árum en það er líka nýtt málverk á sýningunni. Í raun eru þetta bara efni sem

ég vel til að þjóna hugmyndum, hvort sem það er plexigler, ál eða olía á striga.“

Engin klukknahringing

Vegna COVID var engin formleg opnun og Sigurður Árni segist hafa fundið fyrir því. „Ég vann að þessari sýningu allt síðasta ár og pressan var orðin mikil rétt fyrir opnun. Svo varð þetta dálítið eins og þegar maður var krakki að bíða eftir jólnum. Maður er búinn að fara í bað og kominn í sparifötin og bíður eftir að kirkjuklukkurnar hringi klukkan sex, en þær hringja ekki. Sýningin tilbúin og allt klárt en salirnir lokaðir. Ég hafði ekki áttað mig á því hvað opnunin og samskipti við áhorfandann skiptir mikil máli. Kannski er gott fyrir mann að upplifa þetta.“

Spurður hvað hafi komið honum mest á óvart í undirbúningi sýningarinnar segir hann: „Það sem kom mér á óvart er að sjá hversu mikið ég er að vinna með sömu hugmyndirnar og um leið hversu langt mér tekst að teygja þær. Ég sé sömu vandamál í dag sem ég var að fást við fyrir tuttugu eða þrjátíu árum, í sambandi við myndflötinn og málverkið. Ég hef greinilega ekki komist að neinni niðurstöðu því þá væri ég hættur. Það opnast bara meiri við-átta, hæð tekur við af hól og ég held bara áfram.“